

231
24. des.

FJALLSKILAREGLUGERÐ fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurbæ.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Suður-Þingeyjarsýsla er eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila.

Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

2. gr.

Sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra málefna fjallskilafélagsins, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum deildanna.

3. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins, og nefnast þeir fjallskilastjórar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði nefndanna.

II. KAFLI

Notkun upprekstrarlanda.

4. gr.

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Það skulu vera afréttir sem áður hafa verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir, ef nauðsyn ber til, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

5. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá með tölu og ummerkjum yfir þær afréttir, er hún hefur umsjón með, og rita hana í gerðabók hreppsins eða sérstaka fjallskilabók. Þar skal og rita allar ákvarðanir, sem gerðar eru viðkomandi fjallskilum hreppsins, og getur sýslunefnd ávallt krafizt afrits úr bókum þessum.

6. gr.

Heimilt er að nota til sumargöngu fyrir sauðfé afréttir allar, svo og heimalönd þau, er nægilegt landrými hafa og landkosti að dómi hlutaðeigandi hreppsnefndar. Ef þurfa þykir, skal hreppsnefnd láta meta til ítölu öll slík beitolönd, er sveitinni tilheyra, og hafa eftirlit með því, að þeim sé ekki ofboðið með sumarheit búpenings (sbr. lög nr. 85 1943).

7. gr.

Nú hefur ítölumat farið fram í tiltekið landssvæði, samkvæmt áður nefndum lögum, og í ljós komið, að einstaka fjáreigendur skortir land til sumararbeit fyrir fé sitt, og skulu þeir þá greiða upprekstrargjald til fjallskilasjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, er landrými hafa, fram yfir eigin þarfir og leyfa upprekstur í það. Skal hreppsnefnd ákveða gjöld þessi innan sveitar.

Þar sem svo hagar til, að afréttir eru í eigu eins eða fárra manna, ákveður hreppsnefndin gjöldin í samráði við þá, og getur falið þeim innheimtu sjálfum. **231**
24. des.

Heimilt er þeim fjáreiganda, sem skortir land til sumarþeitar, að útvega sér það sjálfur, en tilkynna skal hann það hreppsnefndinni eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þó fjáreigandi fái land til sumargöngu utan síns hrepps, verða eigi lögð á hann fjallskil þar, beinlínis, heldur fer þar um eftir samningi milli hlutaðeigandi hreppsnefnda, sbr. 24. gr.

8. gr.

Nú verður hreppur fyrir ágangi á afrétt eða heimalönd af fé úr öðrum hreppi, og á þá sá, er fyrir áganginum verður, kröfurétt á hinn um hagagjald.

Skyllt er, að sveitarstjórnir hlutaðeigandi hreppa geri með sér samning til tiltekins tíma um bætur fyrir áganginn eftir ástæðum á hverjum stað. Greiðast slík uslagjöld af hlutaðeigandi fjallskiladeild.

9. gr.

Sauðfé það, sem ekki hefur nægilegt landrými til sumargöngu í heimalandi fjáreiganda, skal reka til afréttar eigi síðar en 10. júlí.

10. gr.

Rétt er þeim, sem verður fyrir ágangi á engjum sínum af sumargöngufé, að kæra það fyrir hreppsnefnd, og getur hann skotið máli sínu til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Nú eiga tveir eða fleiri menn upprekstrarland saman, og skiptast þá upprekstrargjöld milli þeirra, eftir tiltölu hvers eins í upprekstrarlandi, þó einn leyfi upprekstur frekar en annar.

12. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður lands, sem notað er til sumargöngu, taka sauðfé eða annan búpening í land sitt af mönnum, sem heimili eiga utan hrepps, nema með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Sú hreppsnefnd, sem telur of mörgu fé sleppt til sumargöngu í þau lönd, sem að hreppamörkum liggja, getur lagt það mál fyrir sýslunefnd, er tekur ákvörðun um, hvort ítölumat þurfi fram að fara.

III. KAFLI

Fjárréttir.

13. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir. Aðalréttir eru nú: Miðvíkurrétt við Víkurskarð, Gljúfrarrétt í Höfðahverfi, Fnjóskárrétt og Lokastaðarétt í Fnjóskadal, Nauteyrarrétt á Flateyjardal, Fellsrétt í Kinn, Litlutungurétt, Fótarrétt og Viðikersrétt í Bárðardal, Baldursheimsrétt og Reykjahlíðarrétt í Mývatnssveit, Hallbjarnarstaðarétt í Reykjadal, Hraunsrétt í Aðaldal, Skógarétt í Reykjahverfi, Tungugerðisrétt á Tjörnesi og Húsavíkurrétt. — Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt. Á aukaréttum skal rétta fyrr en á aðalrétt þeirri, er aukaréttin heyrir undir, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp.

231

24. des.

Skylt er hverri fjallskiladeild að annast byggingu og viðhald nauðsynlegra rétta á sínu svæði. Skulu fjáreigendur, sem sókn eiga til réttar, sjá sér þar fyrir nægilegu dilkrúmi á sinn kostnað, og hlíta samþykktum fjallskiladeildar um gerð þeirra, ef um nýbyggingu réttar er að ræða. Sama gildir um aðrar fjallskiladeildir, sem fjár geta átt von á réttinni.

Kostnað af byggingu almennings- og geymslurúms ber fjallskiladeildin.

14. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárréttum, eða færa gamla rétt á annan hentugri stað, og skal þá hreppsnefnd sú eða hreppsnefndir, er hlut eiga að máli, bera málið undir atkvæði búenda í fjallskiladeildinni á almennum fundi.

Sé um aukarétt að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrétt þarf samþykki sýslunefndar til þess, að ákvörðun sé gild.

15. gr.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal bæta það landeiganda, ef krafizt er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er dómkvaddir séu af sýslumanni.

Endurgjald til jarðeiganda, sem og kostnað af matsgerðinni, telst með byggingarkostnaði réttarinnar.

IV. KAFLI

Smölun til rúnings.

16. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir til að smala lönd sín á vorin eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Nú er jörð í eyði og enginn ákveðinn notandi að henni, ber þá fjallskiladeildinni að hlutast til um, að landið sé smalað til rúnings, ef þörf telst til og á kostnað landeiganda, eða taka ákvörðun um, hvernig kostnaður af smöluninni sé borinn uppi. Sama gildir um smölun afréttar, ef fé rennur þangað fyrir rúning.

17. gr.

Hreppsnefnd hefur vald til að ákveða hvenær vorsmölun skuli fara fram. Ókunnugt fé, sem þá kemur fyrir, og eigendur ráðstafa ekki sjálfir, ber finnanda að rýja, ef unnt er, og einnig marka unglömb. Skal hann gera eigendum aðvart um ullina, og gera grein fyrir mörkum á lömbum. Þóknun fyrir rúning má nema allt að andvirði helmings ullarinnar.

V. KAFLI

Hreinsun heimalanda.

18. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti í sambandi við almenn fjallskil og eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar. Skal hreppsnefnd meta smölun þeirra til fyrstu réttar, og reikna sem framlag til fjallskila vinnu þá, sem lögð er til smölunarinnar. Rekstur til réttar reiknast með fjallskilum.

Hreppsnefnd getur skipað fyrir um almenna hreinsun heimalanda á haustin, hvenær sem henni þykir nauðsynlegt.

19. gr.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um, hvernig hreinsuninni skal hagað á því svæði.

20. gr.

21. gr.

Hver búandi er skyldur að hirða fé það, er finnst í heimalöndum, eftir að hinni almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust áfram rétta leið, nema kvöld sé komið eða óveður, svo að eigi sé fært. Skal þá beita fénu eða gefa hey ella, unz fært er að reka. Hver sá, sem sleppir fjárrekstri, sætir sektum.

231

24. des.

VI. KAFLI

Göngur og réttir.

22. gr.

Hver sem á sauðkindur eða geitfé ber að telja fram við hreppsnefnd fyrir 1. ágúst ár hvert allt sitt fé og gera fjallskil fyrir það á þann hátt sem hún ákveður. Skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskil af hendi fyrir heimilisfólk sitt.

Enginn fjáreigandi er undanþeginn fjallskilum, þótt hann hafi sleppt fé sínu í heimaland. Þó getur hreppsnefnd undanskilið að meira eða minna leyti það fé, sem geymt er í eyjum eða girðingum, sem vel er við haldið. Gera má um þetta sveitarsamþykkt á lögsmætum fundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið verði borið þar fram.

23. gr.

Hreppsnefnd skal skipta löndum, sem hún hefur forsögn um fjallskil á, í tiltekin leitarsvæði og kveða á um, hvað marga menn þarf í hverja leit, og til hvaða réttar fé þaðan skuli ganga. Einnig skipar hún fyrir um hvers konar fjallskilavinnu aðra, inna þarf af höndum.

24. gr.

Þegar hreppar fá í haustgöngum ójafna fjártölu — svo að máli skiptir — hver úr annars löndum, þá er þeim hreppi, sem fleira fær féð, skylt að greiða hinum áfallinn gangnakostnað fyrir það.

Enginn hreppur verður krafinn um meiri liðsauka í göngur en nemi þeirri mannatölu, sem hann þarf að senda til fjársóknar á réttir hlutaðeigandi hrepps, en mismunurinn að öðru leyti reiknaður til verðs. Hafi upprekstur átt sér stað úr þeim hreppi, sem krafinn er, í lönd þess hrepps, sem kröfuna gerir, á hann þó rétt á sérstökum liðsafla með tilliti til þess. Hagagjald fyrir sumargöngu fjárins sé greitt eftir samkomulagi. Skulu hreppar gera með sér glögga samninga um þessi viðskipti, og séu þeir ekki uppsegjanlegir nema með tilteknum fyrirvara. Ágreiningi hreppa um þessi atriði má skjóta til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar.

25. gr.

Nú vanrækir einhver þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, og er honum það sjálfrátt, eða hann leggur ógildan mann til fjallskila, — þá er það gangnarof og varðar 100—300 króna fébótum, er renna í fjallskilasjóð. Auk þess greiðir sá, er brotlegur verður, göngurnar eftir mati, nema leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að inna þau af hendi, á hans kostnað.

26. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minnst helmingur leitararmanna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára. Nú verður einhver leitararmanna sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og að auki sæti aðili fébótum sem fyrir gangnarof. — Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur,

231 en þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarföngja og 24. des. hreppsnefndar.

27. gr.

Þrenn skulu fjallskil haust hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimilt að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þörf þykir. Því aðeins skulu tvenn fjallskil látin nægja, að samþykki sýslunefndar liggja fyrir.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir álitni hlutaðeigandi hreppsnefndar, hvort telja skuli, að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinn.

28. gr.

Haustgöngur skulu byrja svo snemma ár hvert, að fyrstu réttardagar á aðalréttum verði þessir:

- a. 15. september: Nauteyrarrétt.
- b. 16. september: Gljúfrár-, Fells-, Litlutungu-, Skóga-, Húsavíkur- og Tungu-gerðis-réttir.
- c. 17. september: Lokastaða-, Víðikers- og Reykjahlíðar-réttir.
- d. 18. september: Miðvíkur-, Baldurheims-, Hallbjarnarstaða-, Hrauns- og Fótár-réttir.
- e. 19. september: Fnjóskárrétt.

Sjö dagar skulu líða milli gangna.

29. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, er berist sem þingboð um hreppinn, nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram, hvernig göngum skuli hagað í hvert skipti, tilnefndir leitarföngjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárréttir. Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hefur umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. — Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega.

Óhlýðni og þrjózka gegn skipun réttarstjóra varðar sektum.

30. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að, sem þarf, til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega, sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda, þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni, fyrir en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi.

31. gr.

Leitarföngjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal hagað í hverri leit. Þeir sjá um, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til réttarföngi tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarföngja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof, ef út af er brugðið.

Leitarföngja er skylt að sjá um, eftir því sem frekast er hægt, að vanmetafé, eða nytjar af því, komist til byggða. Ella verði svo frá því gengið, að fundið verði.

32. gr.

Í hverri fjallskiladeild skal vera fjallskilasjóður, og er heimilt að jafna niður ákveðnu gjaldi til hans eftir tölu þess fjár, sem þar er fjallskilaskyld. Í hann mega renna hagagjöld, eftirstöðvar af skylduvinnu til fjallskila, fundarlaun fyrir fé úr öræfaleitum og eftirleitum, sem gerðar eru á kostnað fjallskiladeildarinnar, sektir og fleira.

33. gr.

231

Tekjum fjallskilsjóðs skal verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, svo sem til að borga aukaleitir, öræfaleitir, eftirleitargjald fyrir fjáreigendur í deildinni, réttarbyggingar o. fl.

Reikningar fjallskilasjóða skulu gerðir samtímis reikningum sveitarsjóða og fylgja þeim til sýslunefndar.

34. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefur hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna þau fjallskil af hendi, er honum voru gerð.

VII. KAFLI

Eftirleitir og öræfaleitir.

35. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á afrétti, annaðhvort fyrir umsamda borgun eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

Fjárleitir á öræfum, sem ekki geta talizt til nokkurra afrétta, skulu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er, að þær fari fram samtímis fjallskilum.

36. gr.

Fundarlaun fyrir fé, sem finnst í öræfaleit, skal vera $\frac{1}{3}$ hluti verðs fjárins, samkvæmt mati finnandans, en $\frac{1}{3}$ hluti verðs fyrir það fé, sem finnst í eftirleit á afrétt. Vilji fjallskilastjóri ekki leysa féð út samkvæmt þessu mati, er finnandinn skyldur til að kaupa féð tilsvarendi verði.

Fyrir óheimt fé, sem finnst í heimalöndum, eða við smölun fjár, þó í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

Fé, sem finnst í öræfaleit, er skylt að farga sama haust.

37. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum, og brennimarki á hægri horni, eða öðru ótvíræðu einkenni, ef eigandaskipti hafa farið fram á kind, eða eyrnemark skemmt.

Um markréttindi fer sem í lögum er ákveðið. Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með þessum sveitarbrennimörkum; eða aluminiummerki í eyra, með sömu einkennisstöfum:

Tjörneshreppur	Þ 2	Húsavíkurkaupstaður ...	Þ 3
Reykjahreppur	Þ 4	Aðaldælahreppur	Þ 5
Reykdælahreppur	Þ 6	Skútustaðahreppur	Þ 7
Bárðdælahreppur	Þ 8	Ljósavatnshreppur	Þ 9
Hálshreppur	Þ 10	Flateyjarhreppur	Þ 11
Grýtubakkahreppur	Þ 12	Svalbarðsstrandahreppur	Þ 13

38. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefnd semur, og skal prenta hana svo oft, er sýslunefnd álitur þurfa, og útbýta meðal búenda í fjallskilafélaginu.

231 Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimilisskjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda, þá er hann flytur af jörðinni.

24. des. Vilji menn taka upp eða nota mörk, sem eigi standa í markaskránni, skulu þeir fá til þess leyfi Markaðóms Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslu og auk þess birta það í Lögbirtingablaðinu og senda lýsingu þess til hreppsnefnda í næstu sveitum.

VIII. KAFLI

Óskilafé.

39. gr.

Nú kemur fyrir við vorsmölun ómarkað lamb, sem engin móðir finnst að, og skal þá tilkynna það fjallskilastjóra, sem ákveður hvernig lambið skuli markað eða auðkennt. Verður lamb þetta eign fjallskilasjóðs, ef réttur eigandi kemur ekki fram síðar.

Á haustréttum annast réttarstjóri, að öll vafalömb, sem koma fyrir í réttum, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem eigi er annað fé, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sér lömbin. Þeir ómerkingar, sem ekki spyrjast upp, teljast óskilafé. Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða og senda lýsingu af í næstu sveitir. Það fé, sem enginn hefur getað helgað sér fyrir lok sláturtíðar, skal fargað, og verði hvernar kindar haldið sérstöku.

Sé talið líklegt, að sýkingarhætta geti stafað af óskilafé, skal því slátrað án tafar eftir hverjar réttir.

Því óskilafé, sem einhver einkenni hefur, skal hreppsnefnd lýsa í opinberu blaði. Hafi enginn sannað eignarrétt sinn á fénu innan sex mánaða frá birtingu auglýsingarinnar fellur verð þess í fjallskilasjóð að frádregnum kostnaði.

IX. KAFLI

Fjárrekstrar.

40. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er að. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kveldi eftir að fer að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, sem séu svo glögg, að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi eigi saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, þegar þeir verða þess varir, draga það fé úr rekstrinum og annast um, að það komist í átt Haga sína, eigendum kostnaðarlaust.

Skaða, sem hlýzt af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það, að skaðinn stafi af skytingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

Skylt er sláturhúsum að láta fara fram markskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

41. gr.

Sýslunefndin sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum.

Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

42. gr.

231

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100—1000 kr. eftir málavöxtum, er renni í fjallskilasjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, eða í sýslusjóð. 24. des.

43. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu nr. 107, frá 1. september 1937.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. desember 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

232

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1953. 29. des.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 111 29. desember 1952 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1953.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. desember 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

233

fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum. 30. des.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald:

Fyrir hvern verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 6.00.